

Fundargerð háskólaráðs
383. fundur 18. maí 2017 kl. 13:30
Borgir, R262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:31.

Mættir voru auk hans:

- Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
- Edward H. Huijbens varafulltrúi háskólasamfélagsins
- Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
- Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

- Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs
-

Rektor kynnti dagskrá.

1. Kosning fulltrúa háskólaráðs í háskólaráð 2017-2019

1703001

Rektor kynnti lög og reglur um skipan háskólaráðs. Rektor fór einnig yfir þá fulltrúa sem skipa háskólaráð frá maí 2017:

- Fulltrúar háskólasamfélagsins
- Fulltrúi nemenda
- Fulltrúi menntamálaráðherra

Fyrir liggur á þessum fundi að kjósa fulltrúa háskólaráðs í háskólaráði (sjá 6. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla).

Rektor leggur fram eftirfarandi tillögu að fulltrúum háskólaráðs:

- Brynhildur Pétursdóttir, aðalfulltrúi
- Finnbogi Jónsson, aðalfulltrúi
- Erla Björg Guðmundsdóttir, varafulltrúi háskólaráðs

Háskólaráð samþykkir tillögu rektors einróma.

Rektor fór lauslega yfir ábyrgð og hlutverk háskólaráðs, en mun fara nánar yfir það með fullskipuðu háskólaráði í júní.

Einnig benti rektor háskólaráðsfulltrúum á ítarlegar upplýsingar á heimasíðu háskólans og benti sérstaklega á lög og reglur, stefnur, ársfundi og ársskýrslur.

Rektor fór yfir nemendafjölda við skólann og mismunandi aðsókn í námsbrautir. Spurning hvort háskólaráð þurfi innan tíðar að taka afstöðu til þess hvort takmarka eigi eða stýra aðgengi að ákveðnum námsbrautum ef deildirnar ráða ekki við þann fjölda sem sækir í námið.

Umræður sköpuðust um íslenska háskólaumhverfið og þróun þess til framtíðar.

Breytingar sem felast í því að stúdentspróf er nú 3 ár í stað 4 áður, gera það að verkum að háskólarnir þurfa að skoða nám sitt í tengslum við þann undirbúning sem nemendur hafa þegar þeir hefja háskólanám. Líklegt er að háskólarnir þurfi að bjóða upp á einhverskonar undirbúningsnám eða - námskeið fyrir nemendur sem hafa ekki nægan undirbúning úr framhaldsskóla til að komast inn á ákveðnar námsbrautir í háskóla.

2. Skipun í stjórn Verkefnasjóðs Háskólans á Akureyri (Akureyrarsjóðs)

1705008

Tilnefningar í stjórn verkefnasjóðs Háskólans á Akureyri (Akureyrarsjóðs):

- Katrín Árnadóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, formaður stjórnar
- Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands
- Jón Haukur Ingimundarson dósent og sviðsstjóri Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Tilnefningar samþykktar.

3. Önnur mál

- **Skipun nefndar háskólaráðs vegna tillögu að veitingu heiðursdoktorsnafnbótar í tilefni af 30 ára afmæli HA**
Fyrir liggur tillaga frá viðskipta- og raunvísindasviðs um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar í tilefni af 30 ára afmæli HA. Samkvæmt reglum um sem tilgreina viðmið um veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni við HA skipar háskólaráð nefnd um hverja tillögu að veitingu heiðursdoktorsnafnbótar. Háskólaráð skipar eftirfarandi í nefndina:
 - Skúli Skúlason prófessor við Háskólann á Hólum, formaður tilnefndur af háskólaráði
 - Halldóra Haraldsdóttir dósent, tilnefnd af hug- og félagsvísindasviði
 - Guðrún Pálmadóttir dósent, tilnefnd af heilbrigðisvísindasviði
 - Edward H. Huijbens prófessor, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði.

Háskólaráð samþykkir skipun nefndarinnar.

Edward spurði hvort eitthvað væri að fréttu af afgreiðslu menntamálaráðuneytis á umsókn HA um heimild til doktorsnáms. Rektor rakti feril málsins stuttlega fyrir nýja háskólaráðsfulltrúa. Niðurstaða ráðherra liggur enn ekki fyrir en málið er í höndum ráðherra og beðið er niðurstöðu hans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40.